

Lög Hrossaræktarfélags Spretts

1.gr.

Félagið heitir Hrossaræktarfélag Spretts. Starfssvæði nær yfir félagssvæði Spretts. Heimili þess og varnarþing er hjá formanni félagsins

2.gr.

Félagið er deild í Hrossaræktarsamtökum Suðurlands og starfar samkvæmt lögum og samþykktum þess félags.

3.gr.

Félagar geta allir orðið sem stunda hrossarækt eða hafa áhuga á framgangi hrossaræktar.

4.gr.

Tilgangur félagsins er:

- a) Að vinna ötullega að ræktun íslenska hestins með kynbótum, stóðhestahaldi og skýrslugerð í samvinnu við Bændasamtök Íslands.
- b) Að vinna í samvinnu við önnur félög og stofnanir að góðu uppeldi, aðbúnaði og tamningu hrossa
- c) Að glæða áhuga fyrir hrossarækt og hestamennsku með öflugri fræðslu og útbreiðslustarfi
- d) Að vinna að sölumálum fyrir reiðhesta og kynbótahross innanlands og erlendis og hafa um það samvinnu við aðra aðila, með það að markmiði að skapa aukin verðmæti hrossaeigendum og þjóðinni til hagsældar.
- e) Að vinna að sölumálum fyrir hrossaafurðir, jafnt á innlendum sem erlendum mörkuðum, með það að markmiði að auka verðmæti afurðanna.
- f) Að vinna að öðrum hagsmunamálum hrossaræktenda eftir því sem tilefni gefst.

5.gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og skal hann haldinn eigi síðar en 15.des ár hvert. Aðalfundur skal boðaður á tryggilegan hátt með minnst 5 daga fyrirvara. Á aðalfundi gilda almenn fundarsköp.

Á aðalfundi skal:

1. Flutt skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla reikninga félagsins
3. Kjósa stjórn samkvæmt 6.gr félagsins
4. Ákveða árgjald
5. Val á ræktunarmanni ársins
6. Önnur mál

6.gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn kosnir til þriggja ára og skal einn kosinn á hverju ári. Fullskipuð stjórn skiptir með sér verkum eftir samkomulagi. Varastjórn skipa 3 menn kosnir til þriggja ára og skal einn kosinn á hverju ári. Aðalfundur kýs 2 skoðunarmenn reikninga árlega. Stjórn ræður málefnum félagsins milli funda, hún hefur umsjón með fjárreiðum félagsins og ber ábyrgð á þeim. Einstakir stjórnar eða félagsmenn verða þó aldrei persónulega ábyrgir fyrir skuldbindingum félagsins, nema þeir hafi farið út fyrir umboð sitt. Meirihluti atkvæða ræður innan stjórnarinnar sé ágreiningur um afgreiðslu mála.

7.gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda svo oft sem þurfa þykir. Krefjist tveir stjórnarmenn fundar ber formanni að boðaður til hans. Stjórnarfundur skal boðaður með þriggja daga fyrirvara sé þess kostur. Stjórn getur skipað starfsnefndir í einstaka málaflokka og eða gert tillögu til aðalfundar um slíkt. Boðaður skal til almenns félagsfundar ef 1/3 hluti félagsmanna krefjast þess með undirskrift sinni. Almenna félagsfundur skal boðaður með sama hætti og aðalfundi.

8.gr.

Tekjur félagsins skulu vera:

- a) Félagsgjöld samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni
- b) Aðrar tekjur

9.gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skoðunarmenn framkvæma endurskoðun og árita reikninga.

10.gr.

Lagabreytingar verða aðeins gerðar á aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur um breytingar á lögum skal kynna um leið og aðalfundur er boðaður.

11. gr.

Félagið hættir störfum ef það er samþykkt í formi lagabreytinga á aðalfundi. Eignir skulu þá afhentar Hrossaræktarsamtökum Suðurlands sem varðveitir þær á tryggilegan hátt þar til sambærilegt félag hefur verið stofnað að mati stjórnar Hrossaræktarsamtaka Suðurlands og ganga þá eignirnar til hins nýja félags.

12.gr.

Lög þessi öðlast gildi 11. desember 2014